

Spámaðurinn Adam Rutherford og ís- lenska þjóðin

2.

JÓNAS Guðmundsson forstjóri segir, ef jeg man rjett, í fróðlegri ritgerð um Pyramida-sparnar, að Adam Rutherford sje ekki spámaður sjálfur, en leiði aðeins í ljós þá spádóma, sem felast í Pyramidanum mikla. Er þetta líklega í samræmi við það, sem Rutherford hetir einhversstaðar sjálfur sagt, og þó af ofmikilli hæversku. Því að það er óefað rjettlara að segja, að Rutherford sje spámaður sjálfur, og það ekki af þeim smærri. Kemur þetta fagurlega fram í því, sem hann segir um framtíð og möguleika íslensku þjóðarinnar, og nægir þar að minna á hið ágæta ávarp frá Rutherford, er sjera Bjarni Jónsson flutti í Útvarpinu 2. júní 1939 (sjá Sanýal, 1943, s. 12). En í því ávarpi er m. a. þetta: „Samkvæmt guðlegu áformi er högum yðar (þ. e. íslensku þjóðarinnar) nú þannig háltað, að yður er gefið tækifæri, sem ekki er veitt neinni annari þjóð í heimil“. Er þetta vel sagt og óefað rjett. Því að Íslendingar eiga þess nú einmitt kost, að

stýðja, bera fram og ávaxta uppgöfvanir, sem gætu haft hina mestu þýðingu fyrir framtíð mannkynsins. Á jeg þar við hina jarðfræðilegu uppgöfvan á því hvernig mannkynið er líflegund, sem hefir mistekist og er því á glötunarvegi og það jafnvel svo, að glötunin er skamt undan, ef ekki verða bjargráð fundin. En björgun getur ekki með öðru móti orðið en því, að náttúrufræðin sjái ráð til að mannkyninu verði breytt í fullkomnari líflegund. Þannig að vísindaheitið „sapiens“ (vitur), væri ekki rangnefni framar. Mannkynið þarf að komast á það vitstig, að tilgangur lífsins sje því ljós, og mundi þá, af fremstu gelu verða ástundað að lifa samkvæmt þeim tilgangi. En það mundi m. a. þýða það, að styrjaldir væru úr sögunni.

Sannar það nú mál Rutherfords, að enginn vafi getur á því leikið, að hjer á Íslandi er orðið það upphaf sem þarf til þess, að náttúrufræðinni geti í þessu efni, orðið komið í hið nauðsynlega horf.

Jan.-febr 1945.

Helgi Pjeturss.